

15.2.2011

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi
maka gegn konum utan Evrópska efnahagssvæðisins, 211. mál.**

Umsöginna vann Guðrún H. Sederholm fyrir Félagsráðgjafafélag Íslands. Umsögnin byggist á sérstökum hugmyndum viðmælenda sem fram komu í viðtölum í rannsókninni: *Rannsókn á ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum. Þjónusta 11 félagasamtaka*. Útgefin í júlí 2010.

Rannsóknin var hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda frá árinu 2006. Félags-og tryggingamálaráðuneytið sá um skipulag rannsóknar en Rannsóknarstofnun í barna-og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands réði Guðrúnu H. Sederholm til að gera rannsóknina.

Umsögn vegna umræddar tillögu til þingsályktunar er án athugasemda af hálfu Félagsráðgjafafélags Íslands og fagnar félagið því að tillagan skuli fram komin en vill jafnframt draga fram sérstakar hugmyndir sem fram komu í áðurnefndri rannsókn, tillögunni til stuðnings og starfshópnum til upplýsingar. Eftirfarandi hugmyndir komu fram í rannsókninni sem mikilvægt er að tekið sé tillit til og hægt er að skoða betur í umræddri rannsókn sem er á vef velferðarráðuneytisins:

1. Erlendar konur eru ekki einsleitir hópur og þar með taldar konur utan EES, menningarlegur bakgrunnur kvennann er ólíkur.
2. Fræðslu til kvennanna er ábótavant og mjög skortir á að þær geti nýtt sér þá fræðslu sem er fyrir hendi vegna takmarkaðar tungumálakunnáttu og jafnvel ólæsis í sumum tilfellum.
3. Túlkaþjónustu er ábótavant og í fæstum tilfellum er hún viðunandi eða í boði.
4. Óttinn við að missa dvalarleyfið stýrir hegðun kvennanna. Þær þora ekki að leita ásjár félagasamtaka eða opinberra aðila af ótta við að missa dvalarleyfið.
5. Þekkingu er ábótavant innan kerfisins um stöðu kvenna sem búa við ofbeldi.
6. Fordóma gætir innan kerfisins í garð sumra kvennanna.
7. Þjónustuþörfin er fyrst og fremst í kringum aðstæður kvennanna vegna þess hve þær er fjárhagslega háðar maka.